



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðherra  
Katrín Jakobsdóttir  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 27. apríl 2023

Tilv.: FJR23030017/1.3.0

Tilv. yðar: FOR23020032

Efni: Tilnefning vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits

Embætti varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits var auglýst til umsóknar 7. febrúar 2023. Að loknum umsóknarfresti voru umsóknargögn látin fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té af hálfu forsætisráðuneytis.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands skipar forsætisráðherra í embættið til fimm ára í senn að fenginni tilnefningu þess ráðherra sem fer með efnahagsmál og málefni fjármáلامarkaðar. Fyrirkomulag laganna gerir ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra meti, á grundvelli hæfnisjónarmiða, hver sé hæfasti umsækjandinn og sendi að því loknu veitingarvaldshafa, forsætisráðherra, tilnefningu um skipun í embættið.

Hæfnisnefnd var skipuð með bréfi, dags. 29. mars sl., sbr. 7. mgr. 4. gr. laganna og skilaði hún greinargerð sinni þann 19. apríl sl., í samræmi við reglur um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra, nr. 977/2019. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þær Björk Sigurgísladóttir og Guðrún Þorleifsdóttir beri af í hópi umsækjenda, m.t.t. þeirra hæfnisflokka sem horfa bæri til, en aðrir umsækjendur teldust hæfir til að gegna því.

Greinargerðin og önnur gögn málsins hafa verið rýnd í ráðuneytinu og er unnt að álykta að nefndin hafi lagt mat á hæfni umsækjenda á hlutlausan og faglegan hátt. Það á einnig við um nálgun nefndarinnar gagnvart þeim matskenndu viðmiðum sem tilgreind eru í lögum og í auglýsingu um embættið.

Enda þótt fallast megi á aðferðarfræði og niðurstöður nefndarinnar í meginatriðum taldi ég eðlilegt að leggja jafnframt sjálfstætt mat á hæfni umsækjenda, m.a. með því að bjóða þeim umsækjendum sem hæfnisnefndin taldi bera af til viðtals þar sem spurt var um reynslu þeirra, þekkingu og viðhorf til viðfangsefna sem ætla mætti að reyndi á í embættinu. Viðtölin fóru fram 24. apríl 2023 og þar voru lagðar fram sömu spurningar fyrir umsækjendurna, sbr. meðfylgjandi skjal.

Í dag barst mér erindi frá Guðrúnu þar sem hún tilkynnti mér ákvörðun sína um að draga umsókn sína um embættið til baka.

Að teknu tilliti til gagna málsins, þ. á m. niðurstöðu hæfnisnefndar og viðtals míns við Björk Sigurgísladóttur, er það niðurstaða mín að Björk sé hæfust umsækjenda um stöðu

varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits. Nefni ég sérstaklega í því sambandi þá viðamiklu reynslu og þekkingu sem hún býr yfir á sviði fjármálaeftirlits og á lagaumhverfi þess.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu um að Björk Sigurgísladóttir sé hæfust umsækjenda til að gegna stöðu varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits tilnefni ég hana hér með.

Bjarni Benediktsson

Fylgiskj.: Spurningar úr viðtölum.